

Föstudaginn 1. október 1982.

Nr. 138/1982. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Lydiu Einarsdóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Máli þessu er áfrýjað að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu. Ágrip barst Hæstarétti 2. september 1982.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en refsingu ákærðu, sem þykir hæfilega ákveðin 7.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Lydía Einarsdóttir, greiði 7.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu er staðfest.

Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars

Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. maí 1982.

Ár 1982, þriðjudaginn 4. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 148/1982: Ákærvaldið gegn Lydíu Einarsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 25. mars 1982, gegn ákærðu, Lydíu Einarsdóttur, þá til heimilis að Álftamýri 38, Reykjavík, en er nú búsett að Aðalstræti 63, Akureyri, fæddri í Reykjavík 13. júní 1958, „fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 3. september 1981 undir áhrifum áfengis bifreiðinni X 3318 frá Laugavegi 43 í Reykjavík áleiðis að Grænuhlíð 15, þar til lögreglan stöðvaði akstur hennar á Laugavegi við Nóatún.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Ennfremur fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 29. október 1981 undir áhrifum áfengis bifreiðinni X 3318 víðsvegar um götur Reykjavíkur, m. a. um Pósthússtræti, Hafnarstræti, Hverfisgötu, Laugaveg, Suðurlandsbraut að veitingahúsinu Hollywood við Ármúla, þar sem lögreglan hafði afskipti af ákærðu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

I.

Aðfaranótt fimmtudagsins 3. september sl., um kl. 0140, veittu lögreglumenn úr Reykjavík athygli bifreiðinni X 3318, þar sem henni var ekið austur Hverfisgötu frá Snorrabraut. Bifreiðin rásaði talsvert til, og var því akstur hennar stöðvaður á Laugavegi við Nóatún. Ökumaðurinn reyndist vera ákærða í máli þessu, Lydíu Einarsdóttir. Vegna gruns um ölvun við akstur var hún færð fyrir varðstjóra, og aðspurð af honum kvaðst hún hafa drukkið 2 flöskur af pilsner skömmu fyrir aksturinn. Ákærða var færð til töku blóðsýnis á slysadeild Borgarspítalans, þar sem

henni var tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar kl. 0230. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar reyndist alkóhól í blóði hennar mælast 1.26‰.

Ákærða kom fyrir lögreglu vegna málsins þann 12. febrúar sl. og viðurkenndi umræddan akstur. Kvaðst hún hafa ekið bifreiðinni frá Laugavegi 43 áleiðis að Grænuhlíð 15, er aksturinn var stöðvaður af lögreglu. Hún kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en mundi ekki eftir að hafa neytt áfengis, en þó kynni svo vel að hafa verið, þar sem veisla hefði verið að Laugavegi 43 og hefði hún kannski drukkið þar sopa og sopa af áfengi.

Ákærða var yfirheyrð fyrir dómi hjá bæjarfógetanum á Akureyri þann 28. apríl sl. Er þessi liður ákærunnar var borinn undir ákærðu, játaði hún skýlaust, að atvikalýsing væri þar rétt svo og að hún hefði framið þá háttsemi, sem lýst er þar í ákærinni. Henni fannst þó niðurstaða alkóhólrannsóknarinnar vera of há miðað við það áfengi, sem hún drakk, og sagðist hafa drukkið tvær flöskur af pilsner og sopa og sopa af sterkari drykkjum, en nánar gat hún ekki lýst þessari drykkju. Ákærða gat þess, að hún væri sykursýkissjúklingur og gæti það hafa haft áhrif á það alkóhólmagn, sem mældist í blóðinu. Sagði hún, að þegar sykursýkin kæmist á hátt stig, myndaðist „aceton“ í blóði hennar og væru um þetta mörg dæmi.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, játningu ákærðu og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi, sem henni er að sök gefin í fyrri lið ákæruskjals og þar þykir réttilega heimfærð til refsíákvæða.

II.

Ákærða ók bifreiðinni X 3318 aðfaranótt fimmtudagsins 29. október sl. undir áhrifum áfengis um ýmsar götur borgarinnar, m. a. um Pósthússtræti, Hafnarstræti, Hverfisgötu, Laugaveg og Suðurlandsbraut að veitingahúsinu Hollywood við Ármúla hér í borg, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærðu við bifreiðina. Var hún færð fyrir varðstjóra, en við yfirheyrslu hjá honum neitaði hún að hafa ekið bifreiðinni, en kvaðst hafa drukkið tvö glös af Martini fyrr um kvöldið. Var ákærða færð á slysadeild Borgarspítalans, þar sem henni var tekið blóð- og þvagsýni til alkóhólrannsóknar kl. 0125. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar reyndist alkóhól í blóði hennar vera 1.62‰, en í þvagi 2.13‰.

Ákærða kom fyrir lögreglu vegna málsins þann 12. febrúar sl. og neitaði þá enn, að hún hefði verið ökumaður bifreiðarinnar. Tvö vitni voru yfirheyrð hjá lögreglu, sem báru, að þau hefðu verið sjónarvottar að akstri ákærðu frá Hótel Borg og framangreinda leið að skemmtistaðnum Hollywood. Enn fremur bar stúlka, sem var farþegi í bifreiðinni umrætt sinn, Sigrún Birna Hafstein, að ákærða hefði verið ökumaður bifreiðarinnar og hefði hún ekið bifreiðinni framangreinda leið með stuttri viðdvöl í Hollywood og hafi þær verið nýsestar inn í bifreiðina á ný, er lögregluna bar að. Sigrún Birna sagði, að ákærða hefði drukkið um 1—2 glös af Martini á heimili sínu þá fyrr um kvöldið, milli kl. 1900 og 2100.

Er ákærða var yfirheyrð um mál þetta fyrir dómi hjá bæjarfógetanum á Akureyri, viðurkenndi hún að hafa verið ökumaður bifreiðarinnar greint sinn. Kvaðst hún hafa ekið bifreiðinni X 3318 framangreinda leið undir áhrifum áfengis. Hún kvaðst hafa drukkið 2—3 glös af Martini, blönduðu í vatni, fyrir aksturinn. Ákærða lét þess getið, að niðurstöðu alkóhólrannsóknar í þvagi bæri að skoða með hliðsjón af sykursýki hennar, eins og hún skýrði frá fyrir dómnum varðandi fyrri lið ákærunnar.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, þvagrannsóknar og játningu ákærðu svo og ef litið er til annarra gagna málsins, telst sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, sem henni er að sök gefin í síðari lið ákæruskjals og þar þykir réttilega heimfærð til refsíákvæða.

III.

Ákærða hefur ekki, svo vitað sé, sætt áður kærnum eða refsingum.

Með greindri háttsemi hefur hún unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hennar með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 5.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti ákærða varðhaldi í 12 daga.

Þá er ákærða svipt ökuréttindum skv. 81. gr. umferðarlaga, og telst sviptingartíminn hæfilegur 18 mánuðir frá 12. febrúar sl. að telja, en þann dag var henni birt bráðabirgðasvipting lög-
reglustjórans í Reykjavík frá 27. janúar sl.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærða, Lydía Einarasdóttir, greiði 5.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 12 daga.

Ákærða er svipt ökuréttindum í 18 mánuði frá 12. febrúar 1982. Áfrýjun frestar ekki áhrifum dómsákvæðis þessa.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 1. október 1982.

Nr. 51/1980.

Þorvaldur Ottósson

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Voninni h/f

(Jóhann Steinason hrl.).

Skipsleiga. Björgunarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús P. Torfason og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1980. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi, Vonin h/f, verði dæmdur til að greiða sér 19.330.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 11. október 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti svo og að viðurkennt verði, að hann eigi sjóveðrétt í m/b Voninni II., SH 199, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.